

## REGLUR

### um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild Háskóla Íslands.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglur um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild eru settar með hliðsjón af *Viðmiðum og kröfum um gæði doktorsnáms* sem samþykkt voru á 13. háskólafundi 21. maí 2004. Í reglum þessum er í 2.-18. gr. fjallað um skipulagt nám til doktorsgráðu skv. 68. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands. Í 19. gr. er fjallað um doktorspróf án undangengins skipulagðs náms skv. 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

#### 2. gr.

##### *Markmið.*

Markmið doktorsnáms er að veita doktorsnemanum hjálfun og innsýn í rannsóknar- aðferðir líf- og læknávisinda og að neminn öðlist ítarlega þekkingu á sviði doktorsverkefnis hans. Í náminu felst hjálfun í undirbúningi og framkvæmd rannsókna, úrvinnslu og túlkun rannsóknarniðurstaðna, kynningu og rökræðum eigin rannsókna í samhengi við þekkingu á fræðasviðinu svo og birtingu í alþjóðlegum ritrýndum tímaritum. Þannig verði doktorsefnið vel undir það búð að starfa sjálfstætt að vísindum.

#### 3. gr.

##### *Rannsóknarnámsnefnd.*

Rannsóknarnámsnefnd læknadeildar fer með málefni doktorsnámsins í umboði deildarráðs. Hlutverk hennar er m.a. að fjalla um umsóknir, samþykkja breytingar á námsáætlun (sbr. 5. gr.), skipa menn í doktorsnefndir, hafa eftirlit með framvindu náms samkvæmt reglulegum framvinduskýrslum (sbr. 7. gr.), leggja mat á umfang og almenn gæði doktorsritgerðar (sbr. 17. gr.) og gera tillögu til deildarráðs um dómnefndir og andmælendur doktorsvarnar (sbr. 15. gr.).

#### 4. gr.

##### *Umsóknarfrestur.*

Enginn fastur umsóknarfrestur er fyrir umsóknir um doktorsnám í læknadeild.

#### 5. gr.

##### *Meðferð umsókna.*

Umsóknum skal skilað til skrifstofu læknadeildar. Rannsóknarnámsnefnd afgreiðir umsóknirnar og tilkynnir deildarráði um niðurstöður. Afgreiðslu umsóknar skal að jafnaði vera lokið og henni svarað innan sex vikna frá því að hún berst. Umsókn má rita á ensku eða íslensku, henni skal fylgja útdráttur á ensku og íslensku, námsáætlun, lýsing rannsóknarverkefnis og rannsóknaráætlun, sbr. umsóknareyðublað. Breytingar á námsáætlun eru háðar samþykki rannsóknarnámsnefndar.

Ferill umsókna er sem hér segir:

- a) Nemandi sækir um inngöngu í doktorsnám á sérstöku eyðublaði sem fæst á heimasíðu læknadeildar og á skrifstofu læknadeildar og er eyðublaðinu skilað þangað.

- b) Greint skal frá því hvort umsækjandi hyggst sækja um fjárstuðning í tengslum við námið (t.d. til Rannsóknarnámssjóðs). Liggi fyrir drög að umsókn til sjóða skulu þau fylgja umsókn um doktorsnám.
- c) Rannsóknarnámsnefnd fjallar um umsóknina og kallar í framhaldi af því umsækjanda og væntanlegan umsjónarkennara til viðtals.
- d) Rannsóknarnámsnefnd afgreiðir umsóknina með rökstuddri umsögn.
- e) Læknadeild synjar umsókn ef hún uppfyllir ekki gæðakröfur en samþykkir hana ella. Deildin skýrir umsækjanda bréfluga frá niðurstöðunni, sbr. afgreiðslufrest umsókna hér að framan.
- f) Afgreiðsla í læknadeild er tilkynnt til nemendaskrár um leið og hún liggur fyrir.
- g) Nemandi sem læknadeild hefur samþykkt í doktorsnám skal snúa sér til nemendaskrár og ganga frá skráningu sinni í námið. Þeir sem hyggjast hefja skipulagt doktorsnám á haustmisseri skulu ganga frá skráningu eigi síðar en 31. júlí, en þeir sem ráðgera að hefja nám sitt á vormisseri skulu skrá sig eigi síðar en 30. október.

## 6. gr.

*Inntökuskilyrði.*

Til að innritast í doktorsnám við læknadeild þarf nemandi að hafa lokið B.S.-prófi frá Háskóla Íslands, 4. ári í læknisfræði við læknadeild Háskóla Íslands eða öðru prófi sem rannsóknarnámsnefnd metur að sé samsvarandi. Miðað er við að nemandi hafi að lágmarki 7,25 í aðaleinkunn úr B.S.-prófi eða samsvarandi námi. Heimilt er að víkja frá reglunni um lágmarkseinkunn hafi umsækjandi t.d. sýnt fram á námshæfni og/eða hæfni í sjálfstæðum rannsóknum.

Doktorsefni, sem þegar hafa reynslu í vísindalegum vinnubrögðum, hafa lokið rannsóknum og birt vísindagreinar um vel afmarkað viðfangsefni sem gæti myndað grunn að doktorsritgerð, falla undir sama skipulag og aðrir, þ.e. skipa skal umsjónarkennara og doktorsnefnd, sbr. 11. og 14. gr. Doktorsnefndin metur reynslu, rannsóknarvinnu og skrif doktorsefnis til doktorsnáms og leiðbeinir við verklok rannsóknarvinnu, skrif og frágang doktorsritgerðar.

## 7. gr.

*Einingafjöldi, tímalengd og framvinda náms.*

Doktorsnám við læknadeild er 150 einingar að loknu B.S.-prófi eða fjórða ári í læknisfræði en 90 einingar að loknu M.S.-prófi, lokaprófi í læknisfræði eða tilsvandi prófi. Hefji nemandi doktorsnám eftir að hafa lokið B.S.-prófi eða samsvarandi er miðað við að með eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnáms fimm ár. Hefji nemandi doktorsnám eftir að hafa lokið M.S.-gráðu er miðað við að með eðlilegri námsframvindu sé lengd doktorsnámsins þrjú ár. Heimilt er að doktorsnemi sé skráður í hlutanám. Nemandi skilar námsferilsyfirliti, sem skal vera staðfest og undirritað af umsjónarkennara, í maí og desember ár hvert. Rannsóknarnámsnefnd metur framvindu og tilkynnir til nemendaskrár. Fullnægjandi framvinda er skilyrði fyrir skráningu á næsta misseri. Við brautskráningu skal sýnt að nemandi hafi verið skráður og greitt skráningargjald allan námstímann.

## 8. gr.

*Samsetning náms.*

Doktorsnámið felur fyrst og fremst í sér þjálfun í vísindalegum vinnubrögðum og vinnu að samfelldu rannsóknarverkefni. Hluti námsins, allt að 15 einingum, getur verið í námskeiðum, málstofum og lesnámskeiðum. Þátttaka í málstofu læknadeildar, 3 einingar, er

skylda nema því sé þegar lokið. Hafi doktorsnemi ekki þegar lokið námskeiðum í tölfræði og vísindalegri aðferðafræði er honum einnig skylt að taka þau námskeið (6 einingar). Nemandi í doktorsnámi má að hámarki taka 5 einingar í lesnámskeiðum. Ætlast er til að doktorsnemi taki þátt í ráðstefnum og geta framlög á ráðstefnum fengist metin til námseininga svo og birtar greinar sem ekki mynda hluta af doktorsritgerð en tengjast efni hennar. Stefnt skal að því svo sem kostur er að doktorsnemar fái tækifæri til að taka þátt í kennslu.

## 9. gr.

*Breyting á meistaranámi í doktorsnám.*

Hafi nemandi innritað sig í meistaranám en ákveði áður en hann lýkur því að fara í doktorsnám er honum heimilt að óska eftir því við rannsóknarnámsnefnd að breyta skráningu úr meistaranámi í doktorsnám. Skal hann um leið leggja fram ítarlega rannsóknaráætlun um framhald á verkefninu. Áður en breytingin er samþykkt skal nemandinn gera ítarlega grein fyrir stöðu verkefnis fyrir breytingu og nýrri rannsóknaráætlun á fundi með rannsóknarnámsnefnd. Einnig skal hann hafa lokið tilskildum 15 einingum í námskeiðum. Eftir samþykkt endurskoðaðrar áætlunar lengist námið úr 60 einingum (meistaránám) í 150 einingar.

## 10. gr.

*Námskeið í grunnnámi sem hluti af doktorsnámi.*

Miðað er við að ekki fleiri en 10 einingar af 150 eða 5 af 90 komi úr námskeiðum í grunnnámi. Að jafnaði skulu gerðar meiri kröfur til nemenda í doktorsnámi sem taka námskeið í grunnnámi sem hluta af námi sínu. Miðað er við að lágmarkseinkunn úr námskeiðum í grunnnámi sé 8,0.

## 11. gr.

*Umsjónarkennari og leiðbeinendur.*

Nemandi skal frá upphafi náms hafa umsjónarkennara úr hópi fastra kennara eða sérfræðinga við læknadeild í viðkomandi grein sem hann ráðfærir sig við um skipulag námsins, val námskeiða og annað sem náminu tengist. Námsáætlun er samin af umsjónarkennara og nemanda. Umsjónarkennari ber ábyrgð á að doktorsnámið uppfylli kröfur læknadeildar. Umsjónarkennari er venjulega jafnframt leiðbeinandi. Nemanda er heimilt að hafa auk umsjónarkennara einn eða tvo leiðbeinendur, sem mega vera utanaðkomandi enda uppfylli þeir þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum.

## 12. gr.

*Kröfur til umsjónarkennara, leiðbeinenda og annarra sem leggja mat á námið og doktorsverkefnið.*

Umsjónarkennari skal ávallt vera fastráðinn kennari (dósent eða prófessor) í viðkomandi grein eða sérfræðingur sem hefur fengið viðeigandi hæfnismat. Leiðbeinendur doktorsnema geta þeir einir orðið sem lokið hafa doktorsprófi eða áunnið sér jafngildi þess. Gæta þarf þess að verkefni nemandans sé á sérsviði leiðbeinenda. Leiðbeinendur doktorsnema, hvort sem þeir eru fastir kennarar við Háskólann eða ekki, skulu vera viðurkenndir sérfræðingar á viðkomandi sviði og hafa birt ritsmíðar er tengjast verkefni nemanda á vettvangi sem gerir strangar fræðilegar kröfur.

## 13. gr.

*Tengsl við aðra háskóla.*

Doktorsnám skal vera í tengslum við erlendan háskóla, t.d. þannig að neminn taki hluta námsins við hann eða fulltrúi hans sitji í doktorsnefndinni. Heimilt er að veita doktorsgráðu sameiginlega með öðrum háskóla.

## 14. gr.

*Doktorsnefndir.*

Doktorsnefnd skal skipuð fimm sérfróðum mönnum sem rannsóknarnámsnefnd skipar. Í nefndinni skulu sitja: umsjónarkennari, leiðbeinandi/leiðbeinendur og tveir/fjórir aðrir og skal a.m.k. einn þeirra vera utan þeirrar stofnunar/rannsóknarstofu/skorar sem verkefnið er unnið við. Umsjónarkennari kallar doktorsnefnd saman innan 6 mánaða frá samþykkt verkefnis. Á fyrsta fundi kýs nefndin sér formann sem er hvorki umsjónarkennari né leiðbeinandi. Hlutverk formanns er að kalla nefndina saman a.m.k. árlega og hafa umsjón með ritun og skilum doktorsnefndarálits þegar doktorsritgerð er tilbúin. Doktorsnefnd kveður doktorsefni á sinn fund a.m.k. einu sinni á ári meðan á náminu stendur og fylgist með framvindu námsins. Doktorsnefnd ber ábyrgð á því að doktorsnámið samrýmist viðmiðum og kröfum Háskóla Íslands um gæði doktorsnáms. Doktorsefni getur kallað saman doktorsnefnd að eigin frumkvæði. Loks metur doktorsnefnd ritgerðina áður en hún er lögð fram til varnar og skilar vandlega rökstuddu álitni til rannsóknarnámsnefndar um það að doktorsritgerðin sé hæf til varnar og doktorsefni tilbúið til doktorsvarnar. Álitnið skal undirritað af öllum doktorsnefndarmönnum.

## 15. gr.

*Dómnefnd og andmælendur.*

Samþykki rannsóknarnámsnefnd niðurstöðu doktorsnefndar um lok náms óskar rannsóknarnámsnefnd eftir því við deildarforseta að dómnefnd verði skipuð skv. 68. og 69. gr. reglna nr. 458/2000, fyrir Háskóla Íslands. Jafnframt gerir rannsóknarnámsnefnd tillögu til deildarráðs um einn eða tvo andmælendur doktorsvarnar og skulu þeir vera óháðir aðilar, sem ekki eiga sæti í doktorsnefnd. Annar andmælendinn skal vera utan deildar, og skal hann að jafnaði koma frá öðrum háskóla, en hinn má vera innan deildar. Dómnefnd skal skipuð einum manni úr doktorsnefnd, sem hvorki er umsjónarkennari né leiðbeinandi, öðrum hvorum andmælanda og einum manni tilnefndum af rannsóknarnámsnefnd og er hann að jafnaði formaður nefndarinnar. Doktorsritgerð skal skilað til dómnefndar í endanlegri gerð og skal nefndin skila álitni sínu á ritgerðinni innan tveggja mánaða. Dómnefnd getur gert athugasemdir við efni og frágang ritgerðarinnar og er doktorsefni gefinn kostur á að gera viðeigandi úrbætur. Ritgerð skal dæmd og varin samkvæmt reglum Háskólans um doktorspróf. Andmælendur skulu fá endanlegt eintak doktorsritgerðar að minnsta kosti sex vikum fyrir doktorsvörn. Um framkvæmd doktorsvarnar gilda ákvæði 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000.

## 16. gr.

*Námsmat.*

Um leið og ritgerð er lögð fram skal jafnframt leggja fram staðfest námsferilsyfirlit nemanda ásamt staðfestingu á fyrri háskólagráðu (B.S.-, M.S.- eða cand.med.).

## 17. gr.

*Skil og frágangur doktorsritgerðar.*

Unnt er að skila inn doktorsritgerð til H.Í. á tvenns konar formi, annars vegar ritgerð sem byggist á birtum greinum (a), og hins vegar ítarlegri ritgerð (monographia) án birtra greina (b), eins og nánar er lýst hér að neðan. Doktorsritgerð skal skrifa á ensku. Í doktorsritgerð skal vera ítarlegur inngangur þar sem staða þekkingar á fræðasviðinu er rakin, aðferðum lýst, gerð grein fyrir niðurstöðum og loks skal vera ítarlegur umræðukafli sem fjallar um verkefnið í heild. Í ritgerð skal vera yfirlýsing um hvert framlag doktorsnemans var, tekið fram hvort aðrir hafa komið að verkinu og hver hlutur þeirra var. Geta skal stofnana eða fyrirtækja þar sem rannsóknin var unnin og tekið fram hverjir leiðbeinendur voru. Koma skal skýrt fram að verkefnið var unnið á vegum Háskóla Íslands og getið þeirra sem styrktu verkefnið. Um frágang ritgerðarinnar vísast til leiðbeininga deildarinnar. Doktorsritgerð skal skilað í tíu eintökum til skrifstofu læknadeildar. Læknadeild getur styrkt úgáfu doktorsritgerða. Í hverri doktorsritgerð skal vera útdráttur á íslensku og ensku og sem skilað er sérstaklega á tölvutæku formi til birtingar á heimasíðu læknadeildar.

Um form doktorsritgerðar gilda eftirfarandi ákvæði:

- a) **Ritgerð byggð á birtu efni eða efni samþykktu til birtingar.** Slík ritgerð skal að jafnaði byggð á a.m.k. þremur vísindagreinum sem hafa verið birtar, eru samþykktar eða tilbúnar til birtingar í viðurkenndum ritrýndum tímaritum. Skal doktorsefni vera fyrsti höfundur að a.m.k. tveimur slíkum greinum en þó að jafnaði öllum þremur. Skulu ekki færri en 2 greinar vera endanlega samþykktar til birtingar. Ávallt skal vera skýrt hver þáttur doktorsnema er í viðkomandi verkefni og ber rannsóknarnámsnefnd ábyrgð á að sannreyna með doktorsnefnd að hlutverk doktorsnema sé fullnægjandi í samræmi við ofangreind ákvæði.
- b) **Ítarleg ritgerð (monographia),** þar sem þess er ekki krafist að ritgerðin, efni eða hlutar efnis hennar hafi verið birtir eða samþykktir til birtingar. Slík ritgerð fer í strangara matsferli en ritgerð sem byggð er á birtu efni. Doktorsnefnd og rannsóknarnámsnefnd bera sameiginlega ábyrgð á því að umfang verkefnis, hlutdeild doktorsnema í verkinu, umfang og formlegur frágangur ritgerðar sé af sömu gæðum og annars er krafist. Í þessum tilvikum skal þriggja manna dómnefnd að öllu leyti skipuð utanaðkomandi og óháðum aðilum. Dómnefnd er þó heimilt að kalla til fulltrúa doktorsnefndar til ráðuneytis. Dómnefnd skal skila mjög ítarlegu álitu með nákvæmri og gagnrýninni ritrýni.

Rannsóknarnámsnefnd leggur mat á hvort innsend doktorsritgerð fullnægir almennum skilyrðum áður en gerð er tillaga um skipun dómnefndar.

## 18. gr.

*Lærdómstitlar.*

Að loknu doktorsnámi hlýtur nemandinn lærdómstitilinn *Philosophiae Doctor* (Ph.D.). Þeir sem lokið hafa læknaprófi fá einnig titilinn *doctor medicinae* (dr.med.).

## 19. gr.

*Doktorspróf án undangengins skipulagðs náms.*

Sé doktorsritgerð lögð fram í læknadeild til varnar án undangengins skipulagðs náms, í samræmi við 69. gr. reglna um Háskóla Íslands, vísar deildarráð henni til rannsóknarnámsnefndar til umsagnar. Slík ritgerð skal að jafnaði hafa verið skrifuð án leiðbeiningar frá starfsmönnum Háskóla Íslands, stofnunar sem tilheyrir honum eða hann er í formlegum tengslum við (svo sem Landspítala - háskólasjúkrahús). Rannsóknarnámsnefnd gerir tillögu til

deildarráðs um þriggja manna dómnefnd og andmælendur, sbr. 2. mgr. 69. gr. reglna fyrir Háskóla Íslands.

20. gr.

*Gildistaka.*

Reglur þessar sem samþykktar hafa verið af deildarfundum í læknadeild og hlotið staðfestingu háskólaráðs, sbr. 2. mgr. 13. gr. laga nr. 41/1999 um Háskóla Íslands og ákvæði IV. kafla reglna fyrir Háskóla Íslands nr. 458/2000, öðlast þegar gildi. Jafnframt falla þá úr gildi eldri reglur nr. 89/2003, um doktorsnám og doktorspróf við læknadeild Háskóla Íslands.

*Háskóla Íslands, 7. september 2006.*

**Kristín Ingólfssdóttir.**

\_\_\_\_\_  
*Þórður Kristinsson.*

\_\_\_\_\_  
B-deild – Útgáfud.: 25. september 2006